

# Strokið varlega

## Leiklist

Jóhann Hjálmarsson

Leikfélag Reykjavíkur:  
FJÖREGGIÐ

eftir Svein Einarsson.

Lýsing: Daníel Williamsson.

Leikmynd og búningar: Steinþór Sigurðsson.

Leikstjórn: Haukur J. Gunnarsson.

Sveinn Einarsson hefur í blaðaviðtölum lýst því yfir að Fjöreggið sé ekki nýstárlegt leikrit. Það eru orð að sönnu. Hér er komið stofuleikrit í raunsæisstíl, örlagasaga borgaralegrar fjölskyldu. Efnið er gamalkunnugt, en verkið með ýmsum sjónarhornum sem gerir það forvitnilegt.

Í upphafi leiks erum við leidd inn í hversdagsheim sem smám saman verður áþreifanlegur. Bak við yfirborðið er annar og stærri heimur, mannlegur vandi. Upphafið minnir um margt á Stundarfríð Guðmundar Steinssonar án þess að vera eftiröpun. Sveinn Einarsson velur aðrar leiðir til tjáningar en Guðmundur Steinsson þótt þeir eigi margt sameiginlegt.

Það er að mörgu leyti aðdáunarvert að fylgjast með þeirri högværð sem einkennir leikritahöfundinn Svein Einarsson. Hann fer sér að engu ódslega. Með því að draga upp mynd fjölskyldu sem stendur á tímamótum og gera það án dómarskikkju segir hann okkur mikil-

væga hluti. Hann er kannski ekki með nýjustu fréttir af fólki, en ýmislegt sem hollt er að rifja upp.

Högværð Sveins Einarssonar sem fyrr var nefnd heldur að vísu aftur af honum. Ég hef aldrei talið það galla hjá höfundinum að vera agaður, vinna í anda ræktunar. En stundum hvarflar það að manni að meira miskunnarleysi, hrjúfari tjáning hefði betur komið til skila ýmsu því sem Sveinn Einarsson vill segja með Fjöregginu. Boðskapurinn undir lokin er fremur máttlíttill, en ákaflega virðingarverður og geðfelldur eins og hann er fram borinn. Aftur á móti er þessi boðskapur í skugga sprengjunnar og í anda grænfríðunga búin að veltast lengi uppi í fólki og af honum dálítið súr keimur.

Það þarf ekki að segja neinum að Sveinn Einarsson er einn af okkar helstu leikhúsmönnum og hefur haft mikil áhrif á íslenska leikritagerð og hvernig hún hefur verið túlkuð. Sveinn er góður leikstjóri og hefur alltaf haft mikið að segja sem slíkur. Þegar hann gerist leikritaskáld er eins og hann kappkosti að fara troðnar slóðir, skyggja ekki á hina smáu menn góðrar viðleitni. Í leikskrá eru birt eftir hann nokkur ljóð. Eitt þeirra nefnist Um ljóð. Þar er þetta erindi:

Í einveru skriftanna  
tekur ljóðið á sig persónugervi:  
ljóðið svarar skáldinu,  
og hann strýkur því varlega,  
eins og litilli mynd úr leir  
eða einhverju öðru veglegra efni  
eða jafnvel stórra mynd úr hvaða efni  
sem vera skal.



Arnór (Pálmi Gestsson), Sísi (Lilja Þórisdóttir), afinn (Gísli Halldórsson) og Oddný (Guðrún Ásmundsdóttir).

Tvær síðustu línurnar hafa greinilega villst inn í erindið. En lýsingin á því hvernig skáldið strýkur ljóðinu varlega gildir um leikritaskáldið Svein Einarsson og það efni sem Fjöreggið er til vitnis um.

Fjölskyldan í Fjöregginu er af því tagi sem verður að kalla dæmigert fyrir vel stæða Reykjavíkurfjölskyldu. Þetta er nýrikt fólk á mörkum tveggja heima. Fjölskyldufaðirinn er maður á uppleið lítt háður þeirri veröld sem velferðin er sprottin úr. Eiginkonan er brúða með ófullnægða drauma, víska tilhneigingu til að gera uppreisn gegn ofríki hins hefðbundna. Dóttirin er pabbastelpa sem er alráðin í að lifa og njóta, geðjast föður sínum í einu og öllu. Annar sonanna er á Kleppi, orðinn úrhak. Hinn sonurinn er að velta fyrir sér hlutunum, en veit ekki hvað

hann vill. Það hefur láðst að gera grein fyrir hvers vegna synirnir eru svona óhamingjusamir. Þess vegna verður dóttirin sterkari persóna en þeir og fyllilega samkvæm sjálfri sér. Afinn með Einar Ben á vörnum og Unga Ísland og allt það er aðeins tímaskekkja. Í hann þarf ekki að eyða miklu púðri þótt það sé gert, stundum með árangri, oft án annars en setja klisju upp á leiksvið. Snjóll túlkun Gísla Halldórssonar er of fyrirferðarmikil.

Það eru einkum tveir leikarar sem í athyglisverðri leikstjórn Hauks J. Gunnarssonar öðlast líf. Þorsteinn Gunnarsson birtist í Fjöregginu sem túlkandi hins góða kaupsýslumanns. Þorsteinn skilar hlutverki sínu með þeim hætti að við trúum því að Ólafur sé af holdi og blóði. Pálmi Gestsson sem leikur soninn Arnór nær því að sýna okkur óróleik



Þorsteinn Gunnarsson og Guðrún Ásmundsdóttir í hlutverkum sínum.

# Mannlíf og fólk

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það verður ekki annað sagt en að Einar Hákonarson sé duglegur og afkastamikill málari er ekki lætur deigan síga heldur sækir stöðugt á brattann.

Ekki eru nema tvö ár síðan hann hélt stóra sýningu að Kjarvalsstöðum þó hann stæði þá í ströngu á öðrum vígstöðvum, sem að nokkru mátti marka á sýningunni. Nú er hann kominn aftur með hálfu stærri sýningu, því að auk 79 málverka er fylla Vestursal Kjarvalsstaða, þá sýnir hann 89 grafík-myndir í hliðarsal. Er það yfirlitssýning á ferli hans sem grafík-listamanns og eru t.d. 30 myndanna nýjar af nálinni. Eins og skeði með fleiri, er ekki höfðu aðstöðu til eigin vinnu þá gleymdi hann sjálfum sér er hann hóf að kenna öðrum listgrafík í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. En nú hefur Einar komið sér upp fullkominni vinnuástöðu heima fyrir og hefur á ný tekið til hendinni við grafíkina af fullum krafti. Skiptir vinnu sinni á milli málverksins og koparplötunnar, en slíkt telst góð og holl samvinna og jafnframt ágæt tilbreyting.

Á síðustu tveim árum hefur


Einar nær óskiptur getað helgað sig málverkinu og sér þess greinileg merki á sýningunni því að vinnubrögðin eru í senn heilli og afslappaðri. Þessi sýning er þannig öllu veigameiri en sú er hann hélt fyrir tveim árum, einnig þótt eingöngu sé litið til málverksins. Grafíkin er svo sérstök viðbót er undirstrikar sterka stöðu hans í þeirri listgrein héraðs. Það, sem einkum vekur athygli á þessari sýningu er þróadarni litferil en áður hefur sést frá hendi Einars og kemur það einkum fram í myndinni „Á heiðinni“ (46). Eftir margar heimsóknir er það þessi mynd er stendur skýrast og ferskust í minni mínu fyrir myndræn gæði. Annað, sem mér þykir einnig sláandi, er hve miklu hrifmeiri þær myndir eru yfirleitt, sem eru byggðar upp á einum grunnlit, heldur en þær myndir sem byggðar eru upp á andstæðum og hvellum litahljómunum. Gott dæmi um þetta eru rauðu myndirnar á sýningunni og svo myndir eins og „Kona í sóffa“ (57) og „Í orlofi“ (34), jafnframt öllum þeim myndum er byggðar eru upp samkvæmt svipudum viðhorfum. Þessar myndir virðast betur unnar en margar aðrar þótt fjölbættari séu og gæti það vísað til þess að yfirvegud og hnitmiðud vinnubrögð henti Einari betur en þau hin hröðu og stöðluðu er

hafa einkennt myndstíl hans til þessa.

Alveg frá því að Einar kom fyrst fram fyrir 17 árum hefur figúran verið ríkjandi í myndum hans, en lengi vel meira sem myndtákn en af holdi og blóði. Nú virðist breyting hafa orðið á, því að figúrunnar hafa öðlast sterkari mannlegri einkenni, brjótast meira um á myndfletinum. Jafnframt vikur hin staðlaða figúruímynd er litið hefur breyst í gegnum árin ásamt hinum skreytikenndu formeigum um set.

Að framanskráðu má ráða að Einar Hákonarson sé á réttri þróunarbraut í málverkinu og að enn meiri breytinga megi vænta í myndgerð hans í náinni framtíð. Ekki þó breytinganna vegna en sem óhjákvæmilega afleiðingu þess að Einar helgar sig nú alfarið listrænni sköpun, í fyrsta skipti á ævinni. Slíkt hefur gríðarmikið að segja um einaröleg og rökrétt vinnubrögð.

Í grafíkinni má einnig sjá nokkur umskipti sem virðast vera áhrif frá málverkinu og þeirri þróun er þar á sér stað. Hér er Einar á heimavelli, því að grafíkin er hans sterka hlið, nú nostrar hann ekki eins mikið við blæbrigði og vinnur rակleitt á plötunum að því er virðist. Verður fróðlegt að sjá hvaða stefnu listamaðurinn markar sér á þessu sviði í framtíðinni.



Einar Hákonarson

Annað mál er að grafíkin nýtur sín ekki sem skyldi í ganginum, til þess er hann of hrjúfur, jafn margar myndir er spanna langt tímabil kalla á sérsýningu í hlýlegri sýningarsal.

Þetta er stærsta sýning Einars Hákonarssonar til þessa og jafnframt einnig sú athyglisverðasta, staðfestir að listamaðurinn stendur mitt í athyglisverðri þróun.